

Þá ber og að dæma kærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

---

Mánudaginn 16. marz 1936.

Nr. 3/1936. **Hrefna Sigurgeirsdóttir**  
(Jón Arinbjarnarson).  
gegn

**Ólafi R. Björnssyni**  
(Lárus Jóhannesson)

Ómerking fjárnámsgerðar.

*Fjárnámsgerð fúgetaréttar Reykjavíkur 13. janúar 1936.*

### **Dómur hæstaréttar.**

Þann 21. okt. 1929 gaf Oddur nokkur Benediktsson út skuldabréf, að upphæð kr. 12283.55 með 2. veðrétti í húseigninni Grettisgötu 57 B hér í bæ, til dánarbús Gunnars kaupmanns Gunnarssonar, og skyldi skuldin greiðast með 6% ársvöxtum og með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 10 árum á gjalddaga 1. okt. ár hvert. Síðasta afborgun fór fram 8. febr. 1935. Voru þá greiddar kr. 1000.00, og var það nokkur hluti þeirrar afborgunar, er greiða skyldi 1. okt. 1934. Þann 8. febr. 1935 eru eftirstöðvar skuldarinnar taldar kr. 7370.15, og er sú upphæð ekki vefengd. Á næsta gjalddaga þar eftir, eða 1. okt. 1935, fór engin afborgun fram, og síðan hefir ekki heldur verið greitt af skuldinni. Samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins skyldi öll skuldin þegar vera fallin í gjalddaga, ef vanskil yrðu á greiðslu

afborgana eða vaxta. Þann 10. jan. þ. á. var veðskuldabréfið framselt gagnáfrýjanda, Ólafi R. Björnssyni, kaupmanni á Hallveigarstíg 6 hér í bæ, til fullrar eignar og umráða, en undir framsalið er skrifað: „F. Dánarbú Gunnars kaupmanns Gunnarssonar. Sig. Þorsteinsson.“ Samkvæmt framsalinu og með skirskotun til vanskilanna krafðist gagnáfrýjandi 11. jan. þ. á. fjárnáms í hinni veðsettu húseign, og þann 13. s. m. fór fjárnámið fram samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885, eins og heimilt var samkvæmt veðskuldabréfinu. Við fjárnámið mætti að tilhlutun fógeta kona ein, er þar bjó í húsinu, en aðaláfrýjandi, frú Hrefna Sigurgeirsdóttir, sem nú tjáist vera eigandi hússins og býr á Laugaveg 68, var eigi við fjárnámsgerðina.

Aðaláfrýjandi hefir skotið fjárnámi þessu til hæstaréttar með stefnu útg. 13. jan. þ. á., til þingfestingar í júnímánuði næstkomandi og hefir krafizt ómerkingar á fjárnáminu og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi hefir hinsvegar gagnáfrýjað nefndu fjárnámi með stefnu, útg. 21. jan. þ. á., til þingfestingar í þessum mánuði og krafizt staðfestingar á því og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Hafa mál þessi verið sameinuð, eins og lög standa til, og hafa aðiljar síðan flutt fram í þeim sókn og vörn.

Ómerkingarkröfu sína byggir aðaláfrýjandi á því, að sá „Sig. Þorsteinsson“, er undir framsali á áðurnefndu skuldabréfi stendur og aðiljar telja vera Sigurð Þorsteinsson, hafnargjaldkera hér í bæ, hafi enga heimild haft til þess að framselja bréfið fyrir hönd dánarbús Gunnars kaupmanns Gunnarssonar, að gagnáfrýjandi hafi því ekki orðið eigandi bréfsins með framsalinu, og að fjárnámið hafi þess

vegna verið gert eftir kröfu manns, er enga heimild hafi haft í því efni. Af hálfu gagnáfrýjanda eru engar sönnur leiddar að því, að nefndur Sigurður Þorsteinsson hafi haft heimild dánarbúsins til þess að framselja bréfið til eignar, en þar af leiðir, að sönnun brestur, gegn mótmælum aðaláfrýjanda, að því, að gagnaðili sé réttur aðili fjárnámsgerðarinnar. Verður því að fella hana úr gildi samkvæmt kröfu aðaláfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.  
Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

---

Mánudaginn 18. marz 1936.

Nr. 90/1935. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)

gegn

**Ottó Hannessyni** (Pétur Magnússon).

Brot á bifreiðarlögum.

*Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 28. nóv. 1934:*  
Kærður, Ottó Hannesson, greiði 50 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði Hallberg Halldórssyni, kr. 232.00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar með